

## Fundargerð faghóps fyrir nýjan leikskóla í Engjalandi

### 6. fundur faghóps fyrir nýjan leikskóla í Engjalandi 21, haldinn föstudaginn 9. ágúst 2019 Norðursal, Ráðhúsi Árborgar, Austurvegi 2, Selfossi, kl. 9:00.

Mætt: Gunnar Eysteinn Sigurbjörnsson, Sveinn Ægir Birgisson, Júlíana Tyrfingsdóttir, Guðný Ingibjörg Rúnarsdóttir, Atli Marel Vokes, Torfi G. Sigurðsson frá Mannvit, Sigurlaug Sigurjónsdóttir, frá ASK arkitektum, Hermann Ólafsson frá Landhönnun, Eiríkur Steinn Búason, sem var fundarstjóri, og Þorsteinn Hjartarson, sem ritaði fundargerð. Tómas Ellert Tómasson, Óðinn K. Andersen og Krístrún Hafliðadóttir boðuðu forföll.

- 1) Farið yfir fundargerð síðasta fundar.
- 2) Skipulagsmálin. Einhver töf hefur orðið á þeirri vinnu. Þetta er að koma úr auglýsingu 22. ágúst nk. Ekki er hægt að samþykkja aðalteikningar fyrr en þessu ferli lýkur. Því er u.þ.b. mánaðarseinkun. Umræða um snúningshaus götunnar og göngustíg sem þrengir að skólalóðinni. Þetta þarf að skoða betur og hægt er að lagfæra með minniháttar breytingu. Hermann kynnti mögulega útfærslu.
- 3) Torfi kynnti vinnu við jarðvinnuútboð og jarðvinnurannsóknir. Töluverða fyllingu þarf í lóð, bíðalstæði og undir sökla.
- 4) Umræða um tímaáætlun, aðgengi að landinu í framkvæmdavinnunni sem og leiðir að húsinu fyrir rafmagn og fjarskipti.
- 5) Lóðahönnun. Hermann kynnti þá vinnu, m.a. fallundirlag í formi gervigrass. Umræða um pallana sem verða við húsið, fyllingar o.fl. Huga þarf vel að afvötnun opinna svæða.
- 6) Sigurlaug kynnti innra skipulag hússins, einkum þær breytingar sem hafa verið gerðar á teikningu til batnaðar frá síðasta fundi. Rætt m.a. um aðstöðu í húsnæðinu fyrir fötluð börn, upplýsingaskjái fyrir framan deildir og staðsetningu búnaðar fyrir Vinnustund v/inn- og útstimplunar. Gott væri fyrir hópinn að skoða þrívíddarmódel.
- 7) Farið í mögulegar innréttingar á deildum fyrir starfsmannatölvu.
- 8) Hönnunarteymið heldur tæknifund áður en hópinn kemur saman næst.
- 9) Næsti fundur verður haldinn föstudaginn 30. ágúst kl. 9:00.

Fundi slitið kl. 10:40.